

# Fornleifakönnun á lóðinni Hásteinsvegi 8, Stokkseyri



Howell Magnús Roberts og Guðrún Alda Gísladóttir



**Fornleifastofnun Íslands**  
**FS309-06101**  
**Reykjavík 2006**

*Mynd á forsíðu: Hóllinn á Hásteinsvegi 8. Íbúðarhús Vestra-Íragerðis  
(Hásteinsvegur 6) er til vinstri á myndinni og skúr nyrst á lóðamörkum nr. 8 til hægri.  
Horft í norðvestur.*

© *Fornleifastofnun Íslands  
Bárugötu 3  
101 Reykjavík  
Sími: 551 1033  
Fax: 551 1047  
Netfang: fsi@instarch.is*

Hinn 24. apríl 2006 grófu fornleifafræðingar frá Fornleifastofnun Íslands tvo könnunarskurði í hól á lóðinni Hásteinsvegi 8 á Stokkseyri. Könnunin var gerð skv. beiðni frá skipulags- og byggingardeild Sveitarfélagsins Árborgar. Hóll þessi er á lóð á fyrirhuguðu byggingarsvæði í bænum. Að austan afmarkast lóðin af Grímsstöðum (Hásteinsvegi 14), að sunnan af sjóvarnargarði, að vestan af Vestra-Íragerði (Hásteinsvegur 6) og að norðan af íbúðarhúsinu Hásteinsvegi 10.

Í bréfi frá Fornleifavernd ríkisins segir m.a.:

Það sem við viljum leggja áherslu á er sjálfur hóllinn. Þar eru helst líkur á að fornleifar leynist. Til að ganga úr skugga um það þarf að gera að minnst tvo skurði á valda staði á hólnum...Þessir skurðir ættu að nægja til að meta aðstæður og ganga úr skugga um hvort minjar leynast þarna í jörðu.<sup>1</sup>

**Markmið** með greftri könnunarskurðarins var því að ganga úr skugga um hvers eðlis hóll þessi er, þ.e.a.s. hvort hann sé náttúrulegur eða af mannavöldum.

Lóðin Hásteinsvegur 8 var óslegin en fremur slétt. Hóllinn er stór og áberandi, hann er alls um 40 metrar í austur-vestur og 30 metrar í norður-suður. Hann er sléttur að ofan og vel afmarkaður, allt að 1 metra hár en lækkar til hliðanna. Hóllinn sker sig vel úr umhverfinu og minnir við fyrstu sýn á lágan rústahól.<sup>2</sup>

### **Framkvæmd**


Vélgrafnir voru tveir skurðir. Syðri skurðurinn, skurður A, var 1,2 x 6 m að stærð en skurður B 1,2 x 5 m. Skurðirnir voru teknir þar sem talið var að mestar upplýsingar fengjast. Öll lög voru skráð: teiknuð, mæld og lýst, með hefðbundnum aðferðum. Auk þess voru teknar ljósmyndir eins og tilefni gaf til. Skurðirnir voru mældir upp með alstöð, og skipulags- og byggingarfulltrúi sveitarfélagsins útvegaði kort af svæðinu.

Hér á eftir eru teikningar af könnunarskurðunum, bæði flatar- og sniðteikningar og einnig lýsingar á þeim jarðlögum sem fundust.


<sup>1</sup> Bréf frá Fornleifavernd ríkisins til Hallgríms Jónssonar, Kálfhólum 9, Selfossi

<sup>2</sup> Lýsing fengin úr deiliskráningarbrefi Birnu Lárusdóttur til Bárðar Guðmundssonar skipulags – og byggingarfulltrúa Árborgar. Dagsett þann 16. október 2003.


## Könnunarskurður A - flatarteikning




## Könnunarskurður A - norðursnið



## Könnunarskurður A - flatarteikning



## Könnunarskurður B - vestursnið



Eftirfarandi jarðlög voru grafinn upp:

Jarðlög	Könnunar-skurður	Lýsing
[001]	A	Yfirborðsrudningur. Skeljasandsblandaður. Eitt rúðuglerbrot (vélgert), leirkerbrot, nútímalegt og tunnulok úr jární (ekki eldra en 1900).
[002]	A	Hreinn skeljasandur, ljósgulur
[003]	A	Dökkbrúnt lag með rauðleitum flekkjum. Nokkuð blandað skeljasandi ~<4%. Í því var að sjá fiskbein <2% og viðarkolaflekki <1%. Svipað [004].
[004]	A	Brúnt lag blandað skeljasandi ~<4%.
[005]	A	Talið sama og [004].
[006]	A	Dökkbrúnt lag, mjög blandað skeljasandi ~<10%. Í því voru fiskbein <1%, önnur bein <1%.
[007]	A	Blandað lag, hugsanlega torfrusl. Dökkbrúnt með ljósgulum og appelsínugulum flekkjum, tveir steinar sjást í laginu.
[008]	A	Hreinn skeljasandur.
[009]	A	Einsleitt brúnt lag.
[010]	A	Hreinn skeljasandur.
[011]	A	Gjóskulag. ?Katla~1500.
[012]	A	Hreinn skeljasandur. 40-50 cm þykkur.
[013]	A	Brúnt blandað lag með rauðleitum flekkjum og blandað skeljasandi <2%. Í því voru mjög fúnar timburleifar.
[014]	A	Einsleitt brúnt lag (líkist [009]).
[015]	A	Dökkbrúnt blandað lag með rauðleitum flekkjum og blandað skeljasandi <4%.
[016]	A	Steypt gólfplata.
[017]	A	Lag tengt steypu gólfplötunni. Blönduð mold með steinum og mól.
[018]	A	Fylling í stoðarholu/gryfju? Mjög fúnar viðarleifar í botni holunnar.
[019]	A	Skurður fyrir stoðarholu/gryfju? Sjá [018].
[020]	A	Brúnt einsleitt lag, þó lítillega blandað skeljasandi <1%.
[021]	A	Hreinn skeljasandur.
[022]	A	Brúnt einsleitt lag með skeljasandslögum inn á milli. Í sunnanverðu austursniði og vestanverðu suðursniði sáust um 20 cm þykk öskulög/rusllög með grárrí viðarösku (auk svartra viðarkola, móösku, skeljabrota og mjög fúinna beinaleifa). Sést ekki á sniðteikningu..
[023]	A	Skurður sem sker [004, 006, 007 og 008].
[024]	B	Dökkbrúnt lag með einstaka smásteinum og gjóskublettum. Laust í sér.
[025]	B	Skurður. Sker [[029, 030, 031, 032, 033, 025, 026, 027, 038, 039].
[026]	B	Dökkbrúnt sendið lag.
[027]	B	Dökkbrún mold.
[028]	B	Öskulag, ljósgrátt. Viðaraska, viðarkol, móaska, bein og skeljabrot.
[029]	B	Blandað dökkbrúnt sendið lag.
[030]	B	Öskulag, ljósgrátt. Viðarkol og skeljabrot.
[031]	B	Blandað dökkbrúnt lag með appelsínugulum torfflekkjum.
[032]	B	Öskulag, grátt. Viðaraska og skeljabrot.
[033]	B	Blandað dökkbrúnt lag með appelsínugulum torfflekkjum.
[034]	B	Veggur? Lagskipt leirkennd dökkbrún mold með appelsínugulum og gulum lit. Torf.
[035]	B	Þunnt svart kolaríkt lag. Hugsanlega gólf?
[036]	B	Dökkbrún sendin mold.
[037]	B	Skurður. Sker [039 og 040].
[038]	B	Dökkbrúnt lag með skeljasandslögum.
[039]	B	Skeljasandslag með dökkbrúnum moldarflekkjum og ?K~1500.
[040]	B	Dökkbrúnt – appelsínugulleitt lag. Í því eru flekkir af landnámsgjósku, 871+/-2. Óhreyft af mannavöldum en raskað vegna veðurs (frostverkun).
[041]	B	Dökkbrúnt – appelsínugulleitt lag með dökkum bláleitum flekkjum.
[042]	B	Hvít skeljasandslag.



**Mynd til vinstri.** Skurður B. Veggur [034] og skurður [025]. Ein af svörtu rákunum til hægri er gjóskulagið ?K~1500 og er skorið í gegnum það.

**Mynd til hægri:** Skurður B. Gjóskulag ?K~1500 og skeljasandur sem var mjög áberandi á staðnum. Hvíta strikið á mælistikunni er 50 cm.



**Mynd til vinstri:** Skurður B. Ljósu og gráu flekkirnir fyrir miðri mynd er landnámsgjóskan sem féll árið 871+/- 2 ár. Sjá jarðlag [040].

**Mynd til hægri:** Skurður A. Horft til austurs. Steypa platan [016] er efst til vinstri á myndinni. Dekksta línan neðarlega í skurðinum er K~1500? Til vinstri sést skurður [023] og á móti í suðursniði annar eins. Mælistikan sýnir 1,5 m



Horft yfir könnunarsvæðið til norðvesturs. Skurður A er nær og B fjær. Íbúðarhús Vestra-Íragerðis er til vinstri á myndinni. Skúrinn sem er við norðurmörk Hásteinsvegur 8 sést fyrir miðri mynd og Hásteinsvegur 10 er brúna húsið til vinstri.

### Niðurstöður

Ljóst er að hóllinn sem sést á Hásteinsvegi 8 er manngerður. Í honum fundust umtalsverð mannvistarlög og mannvirki. Svo dæmi séu tekin má nefna vegg [034] og einnig úrgangslög [022, 028 og 032] af því tagi sem búast má við að finna við mannabústaði og berast úr frá þeim. Örfáir gripir fundust við rannsóknina: rúðugler og leirkerabrot og tunnulok úr járn. Enginn gripanna er talinn eldri en frá því um 1900 og koma þeir allir úr yfirborðsjarðlagi [001]. Hvorki leirkerabrot né gler fundust t.d. í ruslalögnum og gefur það vísbendingar um að mannvistarleifar á þessum stað geti verið eldri en frá 19. öld, því að yfirleitt eru slíkar leifar mjög algengar í lögum frá þeim tíma. Nokkur dýrabein fundust við könnunina, húsdýrabein, fiskbein og eitt hvalbein. Mannvistarleifarnar hafa ágætlega afmarkaðan tímaramma. Þær eru allar yngri en gjóskulag sem talið er vera úr Kötlu og er frá því um 1500 (sjá jarðlag [011]). Yngstu mannvistarleifarnar sem fundust voru steinsteipt gólfplata, að líkindum ekki



eldri en frá því um aldamótin 1900. Vestra-Íragerði var hjáleiga frá Stokkseyri. Hjáleigunnar er fyrst getið árið 1703 og einnig í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns árið 1708. Á 9. áratug 20. aldar var búskapur þar að mestu aflagður.<sup>3</sup> Niðurstöður fornleifakönnunarinnar sýna að nokkur jarðvegur hefur hlaðist upp eftir að ?Katla~1500 féll. Telja má að fyrstu mannvistarleifarnar gætu verið frá 17. öld og kemur það heim og saman við ritheimildir<sup>4</sup>. Vestra-Íragerði heitir íbúðarhúsið vestan við rústahólinn, og þar er ekki að sjá misfelli í landslaginu. Hugsast getur að hóllinn á lóðinni á Hásteinsvegi 8 sé gamli bæjarhóll Vestra-Íragerðis. Á fyrri hluta 20. aldar stóðu útihús, líklega fjós og hlaða þar sem nú er skúr við norðurenda hólsins. Þau voru steinsteypt að mestu en munu ekki hafa náð inn á hólinn sjálfan.<sup>5</sup> Frekari rannsókn myndi skera úr um hvers eðlis þær fornleifar sem fundust við könnunina eru en ljóst er að þekktar heimildir um Vestra-Íragerði og tímarammi fornleifanna stangast ekki á.

## Heimildir

Deiliskráningarbref Birnu Lárusdóttur, Fornleifastofnun Íslands ses til Bárðar Guðmundssonar skipulags- og byggingarfulltrúa í Árborg. Dagsett þann 16. október 2003.

Bréf frá Fornleifavernd ríkisins til Hallgríms Jónssonar Kálfhólum 9, Selfossi. Afrit sent til Elínar Óskar Hreiðarsdóttur, Fornleifastofnun Íslands ses. Dagsett þann 24. febrúar 2006.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Guðrún Alda Gísladóttir. *Meningarminjar í Stokkseyrarhreppi* (Skýrsla FS-179-02011). Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2002

---

<sup>3</sup> Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Guðrún Alda Gísladóttir. *Meningarminjar í Stokkseyrarhreppi*, 83.

<sup>4</sup> Sjá skýrslu: Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Guðrún Alda Gísladóttir. *Meningarminjar í Stokkseyrarhreppi*, 83.

<sup>5</sup> Deiliskráningarbref Birnu Lárusdóttur til Bárðar Guðmundssonar skipulags – og byggingarfulltrúa Árborgar. Dagsett þann 16. október 2003.